

Stjórnarfundur Geðhjálpar fimmtudaginn 25. júní 2026 kl. 16:00

Mætt: Svava Arnardóttir formaður, Sigurborg Sveinsdóttir, Hallgrímur Hrafnsson (Bími), Birgir Páll Hjartarson, Sigurborg Sveinsdóttir, Ari Hróðmarsson og Grímur Atlason sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð frá 26. maí sl.

Fundargerðin samþykkt.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Grímur fór yfir verkefni sl. vikna.

Sagði frá fyrirhuguðum jafningja hópi aðstandenda sem hugsanlega verði hýstur hjá Geðhjálp. Stefnt að fundi í lok ágúst.

Geðhjálp skilaði umsögn ásamt þroskahjálpi vegna frumvarps forsætisráðherra og varðaði skipan nefndar til að kanna aðbúnað barna sem vistuð voru fyrir atbeina stjórnvalda á einkaheimilum. Skiluðum einnig ábendingum vegna svars Íslands við spurningalista sérfræðinefndar SP um réttindi fatlaðs fólks. Það gerðum við sameiginlega með: Umhyggju, þroskahjálpi og ÖBÍ.

Sat einnig samráðsfund í félags- og húsnæðismálaráðuneytinu þar sem farið var yfir fyrirhugaðar breytingar á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Grímur sagði að margir leiti til samtakanna og séu í talsverðum vanda. Mörg mál lúta að kerfislægum fordómum og skorti á þjónustu. Verið er að skoða hugsanleg aðkoma lögmanns að einu og jafnvel tveimur málum en það liggi betur fyrir í haust.

3. Geðhjálparblað

Svava ræðir um áherslur blaðsins. Búið að óska eftir tilboðum í 500 til 1500 prentuð blöð. Stefnt á að blaðið komi út í lok september. Stjórn ræddi ýmis áhugaverð efni rædd. Ritnefndi blaðsins sest niður í næstu viku og ákveður betur efnistökin.

4. Suðurlandsbraut 18

Grímur segir frá stöðu flutninga. Stefnt á að ljúka flutningum á Suðurlandsbraut 18 í byrjun næstu viku. Skrifstofan verður lokuð frá 1. júlí fram yfir verslunarmannahelgi.

HAJA SMIT
JA
BPM.
Sinnar
SA

5. Barnaheillageðlest

Svava segir frá verkefninu. Grímur segir frá verkefninu. Farið verður af stað 7. september og þá verða sóttir heim fjórir staðir á Snæfellsnesi og Vestfjörðum. Í byrjun október verða fimm staðir heimsóttir á Austfjörðum.

6. Skjólshús

Grímur fer yfir stöðu verkefnisins. Húsið er komið á sölu en það er hægur markaður. Framkvæmdastjóri leggur til að húsið verði leigt út næsta árið eða svo með upp

7. Önnur mál

Ari: Sagði frá áhugaverðir rannsókn, sem hann og Bími fengu kynningu á fyrir stuttu síðan, og tengist doktorsverkefni. Tengist styrkleikamiðaðri nálgun í geðheilbrigðiskerfinu. Ætlar að tengja Geðhjálp við rannsakanda.

Bími: Ræddi vefsíðu Geðhjálpar og önnur tungumál.

Svava: Thelma Ásdísardóttir kom á fund með Svövu og Grími. Ræddi samstarf og hugmyndir. Hugmynd að vera með áfallaviðburðarröð í haust. Hún mun senda okkur tillögur síðar í sumar.

Svava: Segir frá listviðburði sem snýr að reynslu af óhefðbundnum upplifunum. Viðburðurinn átti að vera í júní en hefur verið frestað til ágúst eða september. Guðný Guðmundsdóttir verkefnastjóri Geðhjálpar aðstoðar hópinn við verkefnið.

Svava: Segir frá því að Embætti landlæknis er að vinna gæðaviðmið í geðheilbrigðisþjónustu og leituðu til Geðhjálpar í tengslum við þessa vinnu. Stjórnarmenn munu fara yfir þetta og senda Svövu hugmyndir sínar.

Grímur: Ráðstefnan *Er þörf fyrir samfélagsbreytingar* fer fram 8. og 9. apríl 2027. Staðsetning í Hörpu.

Birgir: Segir frá Bataskólanum sem hann segir að gangi vel. Það þarf varamann fyrir Birgi í stjórn Bataskólans. Ari býður sig fram og var samþykkt einróma.

Fundi slitið kl. 17:22.

HAJH
SAH
AA
Birgi-P.H.
B.S
SA